

Læknishúsið á Hesteyri  
Hrólfur Vagnsson  
Þjóðólfsvegur 5  
415 Bolungarvík

Ísafjarðarbær  
Skipulags og byggingarfulltrúi  
Axel R. Överby  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Endurbætur og breyting á Læknishúsinu á Hesteyri.

Fyrir hönd Læknishússins á Hesteyri sækir ég hérmeð um leyfi til endurbóta og breytinga á Læknishúsinu samkvæmt meðfylgjandi teikningum.  
Um er að ræða suður inngang hússins. Inngangurinn allur er nú í mjög slæmu ástandi og er nauðsynlegt að endursmíða hann. Öll ytri klæðning sem og megnið af burðarbitum er fúin og mjög illa farin. Inngangurinn verður samur á hæð og ytri klæðning eins og hún er nú.  
Undanfarin ár hefur þetta rými verið notað í auknum mæli sem einskona biðskýli fyrir ferðalanga sem bíða eftir bátsferðum til Ísafjarðar eða Bolungarvíku og er nauðsynlegt að nýta þessa viðgerð til að bæta þessa aðstöðu.

Hrólfur Vagnsson



Bolungarvík 08.03.2017